

## AUGLÝSING

### um kynbótamat úrvalskynbótagripa og gjald á útflutningshross.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur fagráð í hrossarækt (hrossaræktarnefnd), sem starfar skv. 4. og 5. gr. laga nr. 84 30. maí 1989, um búfjárrækt, ákveðið eftirfarandi mörk kynbótamats fyrir hross, þannig að þau teljist úrvalskynbótagripir:

#### 1. Stóðhestar:

Ógelt hesttryppi, yngri en fjögurra vetra og aðrir stóðhestar sem ekki hafa einstaklingsdóm: 130 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Stóðhestar með einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

#### 2. Hryssur:

Hryssur yngri en fjögurra vetra og aðrar hryssur sem ekki eru einstaklingsdæmdar: 130 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Hryssur með einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur verið ákveðið að gjald fyrir hvert útflutt hross skuli vera kr. 7.500. Greiðist útflutningsgjaldið í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum o.fl.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni nr. 130 13. febrúar 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 1998.*

F. h. r.

**Jón Höskuldsson.**

*Hákon Sigurgrímsson.*

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Borgarfjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Hundahald í þéttbýli í Borgarfjarðarhreppi innan þorpsgirðingar sætir þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í þessari samþykkt. Einnig er sveitarstjórn heimilt að takmarka hundahald í dreifbýli ef þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar og héraðsdýralæknis.

#### 2. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í bæjarfélaginu leyfi til hundahalds að uppfylltum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.